

Skagafjarðarveitur ehf. Fundur 3 ? 20.06. 2002

Fimmtudaginn 20. júní árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Snorri Styrkársson, Árni Egilsson, og Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Nýr ráðningarsamningur við veitustjóra
2. Boðun hlutafafundar Skagafjarðarveitna ehf.
3. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 17:00

AFGREIÐSLUR:

1. Nýr ráðningarsamningur við veitustjóra.

Stjórnin samþykkir framlagðan ráðningarsamning við Pál Pálsson, veitustjóra, sem framkvæmdastjóra Skagafjarðarveitna ehf., dagsettan 6. júní 2002.

2. Samþykkt að boða hluthafafund Skagafjarðarveitna ehf. þann 9. júlí nk. kl. 15:30 í Bæjarþingsalnum, Aðalgötu 2, Skr. Á dagskrá er kosning nýrrar stjórnar.

3. Önnur mál:

3.1.1. Samþykkt að hafa móttöku í dælustöð hitaveitunnar fyrir stjórn Hafnarsambands sveitarfélaga, laugardaginn 22. júní 2002.

3.1.2. Margeir Friðriksson gerði gein fyrir stöðu mála varðandi skuldbreytingu á fjölmynta lánsamningi við Búnaðarbanka Íslands hf.

3.1.3. Páll Pálsson gerði grein fyrir skýrslu um jarðhitaleit og tilraunaborun í Kýrholti, Viðvíkursveit.

Samþykkt að sækja um styrk ásamt Orkustofnun til Orkusjóðs til tilraunaborana í Kýrholti.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 17:40